



HÁALEITISSKÓLI
SJÁLFSMATSSKÝRSLA
SKÓLAÁRIÐ 2016 – 2017



1. Inngangur.....	3
2. Um skólann.....	3
2.1 Stjórnun	4
2.2 Skólastefna Háaleitisskóla	4
2.2.1 Gildi.....	4
2.2.2 Uppeldis- og kennslufræðileg stefna.....	5
2.2.3.Markmið	5
2.2.4 Markmið náms og kennsluhættir	5
2.3 Nám og kennsla	6
2.4 Námsmat	6
2.5 Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun	7
2.6 Foreldrasamstarf	8
2.7. Skólanámskrá	8
3. Mat á skólastarfi.....	9
3.1 Skilgreining á mati skólastarfs	9
3.2.Sjálfsmat.....	9
3.3 Tilgangur sjálfsmatsins	9
3.4 Viðmið við matið.....	10
3.5 Sjálfsmatsaðferðir.....	10
3.6 Matstæki.....	11
3.6.1 Nemendakannanir.....	11
3.6.2 Foreldrakannanir.....	12
3.6.3 Starfsmannakannanir.....	13
4. Matsáætlun skólaárið 2016 – 2017	14
5. Niðurstöður sjálfsmats 2016 – 2017	17
6. Logos.....	44
7. Talnalykill.....	46
8. Samræmd könnunarpróf.....	48
9. Umbætur skólaárið 2017-2018.....	50

1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Háaleitisskóla verður greint frá mati á innra starfi skólans skólaárið 2016-2017. Markmið sjálfsmatsins er að leggja grunn að skilvirkri umbótastarfi í Háaleitisskóla til þess að bæta skólastarfið enn frekar. Matið er unnið af skólastjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem liggja fyrir. Matið tekur mið af helstu sviðum skólans þar sem upplýsingar úr því eru notaðar til frekari ákvörðunartöku um nánari þróun skólastarfsins. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla

2. Um skólann

Háaleitisskóli á Ásbrú var stofnaður skólaárið 2008-2009 og var hann rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla til haustsins 2013 en þá varð hann sjálfstæður skóli. Ásbrú er háskólasvæði og er stór hluti íbúa nemendur í framhaldskólum eða háskólum.

Sumarið 2008 voru gerðar breytingar á fyrrverandi skólahúsnæði grunnskóla Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og stofnuð grunnskóladeild fyrir yngri nemendur sem eiga heima á Ásbrúarsvæðinu. Skólinn er vel búinn af tækjum og aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk er góð. Í skólanum eru tvö námsver, Álfheimar sem er ætlað nemendum með námserfiðleika og Jötunheimar sem er ætlað nemendum með hegðunarerfiðleika. Auk þess er rekin sérdeild við skólann, Goðheimar, sem þjónustar alla grunnskóla Reykjanesbæjar. Goðheimar er sérstakt úrræði fyrir nemendur með alvarlegar atferlistruflanir og/eða hegðunarvandamál sem gera það að verkum að þeir aðlagast ekki hefðbundinni skólagöngu.

Nemendum hefur fjölgað nokkuð frá stofnun skólans og eru þeir nú um 180 í 1. - 8. bekk. Nemendafjöldi hefur verið nokkuð breytilegur því eðli málsins samkvæmt fylgja nemendur foreldrum/forráðamönnum sínum sem eru í námi til skemmri eða lengri tíma. Vegna fjölgunar á svæðinu hefur skólinn stækkað við sig bæði hvað varðar nemendur og húsnaði eftir þörfum.

2.1 Stjórnun

Skólaárið 2016-2017 voru u.þ.b. 180 nemendur í átta árgöngum. Við skólann starfa um 40 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Ýmis teymi eru starfandi innan skólans sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem lestrarteymi, PBS teymi, eineltisteymi, innleiðingarteymi aðalnámsskrár námsmatsteymi, áfallateymi, lausnateymi, jafnréttisteymi, jóla- og árshátíðarnefnd og viðburðarteymi sem heldur utan um þemadaga o.fl. Kennarafundir eru tvisvar sinnum í mánuði. Teymisfundir eru haldnir eins oft og þurfa þykir a.m.k. tvisvar í mánuði og starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði. Nemendaverndarráð skólans er skipað af skólastjórnendum skólans, sérkennara, sálfræðingi skólans, námsráðgjafa skólans, kennslufulltrúa skólans frá RNB og skólahjúkrunarfræðingi. Starfsmaður barnaverndar Reykjanesbæjar situr einnig fundina. Ráðið fundar tvisvar sinnum í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðarmálum nemenda skólans.

Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allt starfsfólk stundi símenntun. Símenntunaráætlun er gerð fyrir hvert skólaár út frá stefnu skólans og óskum starfsfólks sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

2.2 Skólastefna Háaleitisskóla

2.2.1 Gildi

Grunnforsenda skólastarfs er réttur allra til náms og þroska. Starfshættir grunnskóla skulu mótað af gildum lýðræðislegs samstarfs. Samskiptahættir skulu mótað af mannhelgi, réttlæti og félagsanda sem virðir fjölbreytileika einstaklinga þar sem einkenni þeirra fá notið sín.

Einkunnarorð Háaleitisskóla eru **menntun** og **mannrækt**.

Háaleitisskóli kappkostar við að uppfylla ákvæði Aðalnámsskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

2.2.2 Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

2.2.3. Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum líði vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmið okkar eru enn fremur að nemendur:

- Beri ábyrgð á eigin námi.
- Verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði.
- Geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni.
- Þjálfi félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- Fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- Verði færir um að meta stöðu sína í námi.
- Verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt.
- Læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga.
- Læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra.
- Beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

2.2.4 Markmið náms og kennsluhættir

Háaleitisskóli vinnur samkvæmt 2. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem segir að hann skuli, í samvinnu við heimilin, stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum. Við val á kennsluháttum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja leiðir til þess að ná markmiðunum. Með einstaklingsmiðun er verið að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur án þess þó að kröfurnar minnki. Nemendur eru ekki allir að læra það sama á sama tíma heldur geta verið að fást við ólík viðfangsefni eða nálgast sama viðfangsefnið á ólíkan hátt. Hver er að vinna á eigin hraða,

einstaklingslega, í paravinnu eða hópvinnu. Talsverð áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, að virkja áhuga þeirra og að þeir séu virkir þátttakendur.

Með því að:

- Leggja rækt við það góða í manneskjunni.
- Sýna umburðarlyndi.
- Bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Leggja áherslu á jákvæðan aga.
- Leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina.
- Skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur.
- Nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra/forráðamenn.
- Nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk.
- Vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu með öflugri umhverfismennt.
- Vinna með lykilhæfni með nemendum.
- Efla kennslu í lífsleikni alla skólagönguna.
- Æfa tjáningu og framsögn.

2.3 Nám og kennsla

Í Háaleitisskóla eru átta árgangar. Í fyrsta, öðrum og þriðja bekk eru tveir umsjónarbekkir í árgangi en í 4. - 8. bekk er einn umsjónarbekkur. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og komið á móts við námsþarfir nemenda þannig, að nemendur fái verkefni við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa í námi.

2.4 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur eru meðvitaðir um því allar kennslufræðilegar ákvarðanir kennara um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur, námsmat er undirstaða aðgreiningar í kennslu og hugsa þarf um það sem leiðarvísi í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja þá til

sjálfsmats. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsgengi nemenda og hjálpa þeim við að setja sér áframhaldandi markmið í náminu. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar eins og sýnismöppur, mat á frammistöðu nemenda, sjálfsmat, vettvangsathuganir, sýningar, sjálfstæð verkefni og próf en eiginlegt próf má aldrei veita meira en 50% af heildarmatinu. Með fjölbreyttu alhliða mati yfirfara nemendur kunnáttu sína og læra að bera ábyrgð á eigin námi. Til þess að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir að vera meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og vanda verður framkvæmd þess. Einn þáttur námsmats er lykilhæfni og var hún metin hjá öllum nemendum Háaleitisskóla vorið 2017. Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiskonar stuðning við próftöku eins og að taka próf í fámennari hópum, lengri próftíma eða lestrar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda við námsmat.

Skólaárið er tvær annir og er formlegur vitnisburður í janúar og júní. Á samskiptadegi á hvorri önn er farið yfir námsmat þar sem foreldrar/forráðamenn og umsjónarkennari ræða námslega- og félagslega stöðu nemenda.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og skólastjórnenda. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrirfram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Einkunnir nemenda í 1.–8. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok hvorrar annar. Notaðar eru tölur (gefið í heilum og hálfum) eða umsagnir. Í 1. –8. bekk er leshraðaeinkunn gefin í fjölda lesinna orða á mínútu. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 145- 210 orð á mínútu. Nánari upplýsingar um námsmat í einstökum námsgreinum er að finna í bekkjarnámskrám.

2.5 Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun

Skólinn hóf innleiðingu á PBS (PBS-Positive Behavior Support) haustið 2011, en innleiðingarferlið tekur fimm ár og lauk því vorið 2016. Hefur aðferðin fest sig í sessi í skólanum. Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun, er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Við skólann starfa þrír ART (Aggression Replacement

Training) kennarar og kenna þeir reglulega völdum hópum nemenda ART færni sem byggir á jákvæðri þjálfun í samskiptum. Þjálfunin er þríþætt þar sem fyrst er farið í að þjálfar félagsfærniþætti, síðan er reiðistjórnun bætt inn í og að lokum bætist við efling siðgæðisþroska.

2.6 Foreldrasamstarf

Háaleitisskóli leggur áherslu á að góð samvinna sé á milli heimila og skóla. Við leggjum ríka áherslu á sameiginlegt hlutverk okkar við menntun og mannrækt nemenda. Gott foreldrasamstarf hefur áhrif á líðan nemenda í skólanum og áhuga þeirra. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Unnið er í nánú samstarfi við foreldrafélag og foreldraráð skólans að því að efla samstarf milli heimila og skóla. Stöðugt er verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið. Gott samstarf var við foreldrafélag skólans í vetur, samstarfið er að eflast mikið, nemendum og skólastarfinu til heilla.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn séu sáttir við starf skólans og styðji það. Einnig er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn temji sér að tala jákvætt um skólann þar sem börn tileinka sér gjarnan viðhorf foreldra/forráðamanna sinna og taka þá sér til fyrirmyndar. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þess að hafa samband við þá sem í skólanum starfa ef þá skortir upplýsingar eða vilja koma á framfæri ábendingum um skólastarfið.

2.7. Skólanámskrá

Skólanámskrá Háaleitisskóla er unnin af skólastjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins. Hún er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla þar sem dregin er fram sérstaða skólans, verklagsreglur, markmið, inntak náms og námsmat, starfshættir og mat á árangri og gæðum skólastarfsins. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár stendur yfir og er verið að innleiða hæfniviðmið í öllum námsgreinum ásamt því að taka upp námsmat sem byggir á lykilhæfni nemenda. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið á komandi skólaári sem byggir á grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og framtíðarsýn sveitarfélagsins. Skólanámskráin er endurskoðuð árlega og birt á heimasíðu skólans.

3. Mat á skólastarfi

3.1 Skilgreining á mati skólastarfs

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Skólastjórnendur taka ákvörðun um í samráði við þá sem koma að skólastarfinu, hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á. Umbótaáætlunum er ætlað að bæta skólastarf í þeim þáttum sem bæði innra og ytra mat sýna að þarfnist endurbóta.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Menntamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

3.2 Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfs. Með því fer fram viðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Sjálfsmat gefur skólastjórnendum og starfsfólki skólans leið til að sjá sterkar og veikar hliðarskólans skólastarfsins og um leið tækifæri til að skapa faglegan grundvöll fyrir umbætur í skólastarfinu. Matið er ekki unnið nú í eitt skipti fyrir öll heldur mun það vera órjúfanlegur hluti af skólastarfinu í framtíðinni. Meginmarkmið sjálfsmatsskýrslunnar er að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og gera aðgerðaráætlun um hvernig best sé hægt að ná fram þeim úrbótum og markmiðum sem skólinn stefnir að.

3.3 Tilgangur sjálfsmatsins

Tilgangur matsins er að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla þá þætti sem ganga vel í skólastarfinu. Sjálfsmatið auðveldar starfsfólki að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort árangur hafi náðst, endurskoða markmiðin og stuðla að faglegum grundvelli fyrir úrbætur í skólastarfinu. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar eru nýttar sem grundvöllur fyrir ákvörðunartöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er

samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman.

Tilgangur og markmið sjálfsmats í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnunni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við erfiðar aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

3.4 Viðmið við matið

Eftirtaldar matsspurningar eru settar fram í sjálfsmatsáætlun Háaleitisskóla.

- 1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?**
- 2. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti, líðan og umhverfi?**
- 3. Eru kennsluaðferðir, námsefni og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?**
- 4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann.**

3.5 Sjálfsmatsaðferðir

Sjálfsmat skólans felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera saman niðurstöður við markmið og viðmið. Á grundvelli matsins eru teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð umbótaáætlun þar um.

Hér er aðferðum Háaleitisskóla við mat á árangri skólastarfsins lýst. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á matsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem lagðar hafa verið fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn, niðurstöður prófa, viðhorfskönnunum, ýmsum athugunum og

tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat skólans, unnið eftir forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat á að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

3.6 Matstæki

3.6.1 Nemendakannanir

-Skólapúlsinn, nemendakönnun sem miðar að því að veita skólastjórnendum aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er í október og apríl ár hvert um þætti sem tengjast virkni nemenda, líðan þeirra og heilsu í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum á landinu. Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6. – 8. bekk

-Logos, skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. 6. og 8. bekk, niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

-Talnalykill, skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. og 6. bekk. Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður nýttar til að skoða hversu vel nemendur eru staddir í grunnatriðum stærðfræðinnar miðað við markmið árgangs.

-Lestrarstefna Háaleitisskóla, markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-8. bekk. Kennarar leggja hraðapróf fyrir nemendur á ákveðnum tímasetningum, niðurstöður eru skráðar og kennarar og stjórnendur fara yfir þær og bregðast við þeim.

-Lesferill, Menntamálastofnunar, lesskimun lögð fyrir 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar , Niðurstöður sendar til fræðslusviðs Reykjanesbæjar. Hliðarpróf skimunar markvisst lögð fyrir nemendur í 1.-3. bekk jafnt og þétt yfir skólaárið. Í framhaldi vinna kennarar með niðurstöðurnar fyrir hvern einstakling. Einnig eru leshraðapróf lesferils lögð fyrir í 1. – 8. bekk, niðurstöður eru skráðar í Skólagátt og maí niðurstöður allra árganga sendar til fræðslusviðs Reykjanesbæjar. Niðurstöður eru aðgengilegar skólastjórnendum.

-Orðarún, kennarar leggja fyrir lesskilningspróf (Orðarún) og eru niðurstöður þeirra skráðar. Niðurstöður eru aðgengilegar skólastjórnendum.

-**Samræmd próf** í 4. og 7. bekk frá Menntamálastofnun. Lögð fyrir í september ár hvert, niðurstöður sendar heim með nemendum. Prófin eru greind af kennurum og í framhaldi er gerð aðgerðaráætlun bæði fyrir hópinn sem og einstaklinga. Niðurstöður greiningar kynntar kennurum.

-**Námsmat** í lok annar, kynnt nemendum og foreldrum.

3.6.2 Foreldrakannanir

-**Mat á skólanámskrá.** Skólaráð fer yfir og gefur umsögn áður en skólanámskrá er send á Fræðsluskrifstofu og Fræðsluráð Reykjanesbæjar auk þess sem hún er birt á heimasíðu skólans.

-**Námskynningarfundir,** foreldraviðtöl, foreldrasamstarf. Talning á mætingu og samantekt á athugasemdum og ábendingum sem fram koma í viðtölum við nemendur og foreldra

-**Foreldrakönnun** í tengslum við samskiptadag í janúar var viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra nemenda í 3. og 6. bekk. Alls var svarað fyrir 18 nemendur í 3. bekk af 32, og 12 nemendur í 6. bekk af 14.

-**Skólapúlsinn. Foreldrakönnun** lögð fyrir foreldra í febrúar 2017 og var þetta í annað sinn sem hún er lögð fyrir foreldra nemenda í Háaleitisskóla. Könnunin var fyrst lögð fyrir foreldra skólaárið 2014 -2014 og höfum við nú samanburð. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim 47skólum sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 95%.

Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspeгла mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar Fjöldi þátttakenda í Háaleitisskóla var 123. Fjöldi svarenda var 85 og svarhlutfall því 69,1%. Þættir sem eru kannaðir eru nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.

-**Námsmat** að vori.

3.6.3 Starfsmannakannanir

-**Mat á starfsáætlun.** Skólaráð fer yfir og gefur umsögn.

-**Þarfagreining PBS.** Lögð fyrir starfsfólk í maí til að kanna stöðu verkefnisins í skólanum. Lögð fyrir af PBS teyminu. Niðurstöður kynntar að hausti næsta skólaár.

-**Starfsmannasamtöl** í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

-**Skólapúlsinn.** Starfsmannakönnun lögð fyrir starfsmenn skólans í mars 2017. Könnunin er rafræn og er send á alla starfsmenn þar sem starfsmenn eru spurðir almennt um starfið og starfsumhverfi sitt, mat og endurgjöf ásamt endur- og símenntun

-**Endur-** og símenntunaráætlun.

-**Skýrslur** teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans.

Sjálfsmatsáætlun Háaleitisskóla er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Stjórnendur fylgja sjálfsmatsáætlun eftir, aðstoða við fyrirlagnir kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og að þær séu birtar á heimasíðu skólans.

4. Matsáætlun skólaárið 2016 – 2017

Viðfangsefni	Tími	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Unnið með niðurstöður
Skólanámskrá endurskoðuð	september /október	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Kynnt skólaráði, skilað til fræðsluráðs. Birt á heimasíðu skólans.
Starfsáætlun endurskoðuð	september /október	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Kynnt skólaráði, skilað til fræðsluráðs. Birt á heimasíðu skólans.
Mat á líðan nemenda	Foreldra dagur 4. október og 26. janúar	Umsjónarkennarar	Aðstoðarskólastjóri Skólaritari	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur í 6. bekk	7. október	Kennsluráðgjafar FRÆ ásamt sérkennara skólans	Kennsluráðgjafar FRÆ	Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum
Skimun í stærðfr. Talnalykill í 6. bekk	október	Kennsluráðgjafar FRÆ	Kennsluráðgjafar FRÆ	Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum
Skólagátt stafsetning 4. – 7. bekk.	október	Fagstjórar í íslensku og umsjónarkennarar	Fagstjórar í íslensku og umsjónarkennarar	Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum
Skólapúlsinn nemendakönnun virkni nemenda,	október og apríl	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi

líðan nemenda, bekkjarandi.				
Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk	október/nóvember	Menntamálastofnun Stjórnendur skólans, tölvuumsjónarmaður skólans ásamt umsjónarkennurum	Menntamálastofnun stjórnendur og kennarar	Stjórnendur kynna niðurstöður á kennarafundi
Lesferill lesskimun í 1. bekk	október	Fagstjóri yngra stigs í íslensku umsjónarkennarar	Fagstjórar í íslensku umsjónarkennarar	Niðurstöður kynntar stjórnendum og umsjónarkennurum
Skimun í stærðfræði Talnalykill í 3. bekk	nóvember	Kennsluráðgjafar FRÆ Fagstjóri yngra stigs í íslensku Umsjónarkennarar	Kennsluráðgjafar FRÆ	Niðurstöður kynntar stjórnendum, Umsjónarkennurum og foreldrum
Lesferill nefnuhraði í 1. bekk	september janúar og maí	Fagstjóri yngra stigs í íslensku Umsjónarkennarar í 1. bekk	Fagstjórar í íslensku Umsjónarkennarar í bekk	Niðurstöður kynntar stjórnendum og umsjónarkennurum
Lesferill lesfimi 1. – 8. bekk	september janúar og maí	Fagstjórar og umsjónarkennarar	Fagstjórar og umsjónarkennarar	Niðurstöður kynntar stjórnendum og umsjónarkennurum
Lesferill sjónrænn orðaforði 1.-3. bekk	september janúar og maí	Fagstjóri yngra stigs og umsjónarkennarar	Fagstjóri yngra stigs umsjónarkennarar í 1. – 3. bekk	Niðurstöður kynntar stjórnendum og umsjónarkennurum
Viðhorfsskönnun foreldra nemenda í 3. og 6. bekk	Foreldra-dagur 26. janúar	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur Skólaritari	Niðurstöður kynntar á kennarafundi

Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	janúar 3. bekkur	Kennsluráðgjafar FRÆ ásamt sérkennara skólans	Kennsluráðgjafar FRÆ	Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum
Skólapúlsinn foreldrakönnun	febrúar	Sent í tölvupósti til foreldra. Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Skólapúlsinn starfsmanna könnun	mars	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Starfsmanna- samtöl	feb/mars	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Mat á PBS agakerfinu - þarfagreining	apríl/maí	PBS teymi skólans	PBS teymi skólans	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Logos, leshraði, lesskimun, lesskilningur.	8. bekkur	Kennsluráðgjafar FRÆ ásamt sérkennara skólans	Kennsluráðgjafar FRÆ	Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum


5. Niðurstöður sjálfsmats 2016 – 2017

Hér verður greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2016 – 2017. Farið verður yfir hverja matsspurningu fyrir sig og styrk- og veikleikar metnir.


Stefnumörkun og stjórnun.

Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn ?


Á samskiptadegi í janúar 2017 svöruðu foreldrar nemenda í 3. og 6. bekk viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Í 3. bekk svöruðu 14 foreldrar af 18 því að þeir væru annað hvort mjög eða frekar ánægðir með stjórnun skólans, þrír svöruðu hvorki né og einn svaraði ekki. Í 6. bekk svöruðu 10 foreldrar af 12 því að þeir væru mjög eða frekar ánægðir með stjórnun skólans. Einn svaraði hvorki né og einn var mjög ósammála fullyrðingunni. 13 foreldrar nemenda í 3. bekk af 18 svöruðu því að þeir væru mjög eða frekar sammála því að skólastjórnendur væru áhugasamir um að bæta skólastarfið og fjórir svöruðu hvorki né, einn svaraði ekki. Átta foreldrar nemenda í 6. bekk af 12 svöruðu því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að skólinn hefði kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti, tveir svöruðu hvorki né og tveir voru frekar eða mjög ósammála.



Í foreldrakönnun Skólapúlsins í febrúar 2017 svöruðu foreldrar eftirfarandi spurningum um stefnumörkun og stjórnun skólans.




Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni.




Myndin sýnir þróun skólans á milli ára samanborið við niðurstöðu hvers starfsárs á landinu í heild. Rauða línan sýnir landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans.


Í starfsmannakönnun Skólapúlsins í mars 2017 svöruðu starfsmenn spurningum um stjórnun, markmið og stefnumörkun skólans.




Myndin sýnir mun á kennurum og öðru starfsfólki í skólanum samanborið við niðurstöður annarra skóla sem tóku þátt í könnuninni sem og heildarmeðaltal allra svarenda.



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.





Samantekt á styrkleikum og veikleikum

- ❖ Almenn ánægja er með stjórnun skólans og vinnu skólastjórnenda samkvæmt niðurstöðu viðhorfskannana frá foreldrum og eykst hún verulega á milli ára. Foreldrar eru frekar ánægðir með stefnu og markmið ásamt áhuga skólastjórnenda á því að bæta skólastarfið.
- ❖ Nokkrir foreldrar eru ekki vissir eða ósammála því að skólinn hafi kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti. Mikilvægt er að huga að þessu.
- ❖ Bæði kennarar og almennir starfsmenn eru ánægðir með stjórnun skólans, þeir þekkja stefnu og markmið hans fyrir utan einn starfsmann. Traust starfsmanna til stjórnenda er 96,2% sem er 3,8% minna en við síðustu mælingu og munu stjórnendur huga að þessum þætti þar sem markmið þeirra er að allir starfsmenn treysti þeim.


Starfsandi í skólanum, samskipti, líðan og umhverfi nemenda og starfsmanna.


Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti, líðan og umhverfi?

Virkni nemenda í skólanum


Svör nemenda úr nemendakönnun skólapúlsins. Spurt er um virkni nemenda í skólanum, líðan þeirra og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Nemendum er einnig gefin kostur á því að svara með opnum svörum og segja frá því sem þeir eru ánægðir með í skólastarfinu og einnig að segja frá því sem þeir telja að megi gera betur eða á annan hátt.


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,4	72	4,9	16.182	0,5*
1.2. Þrautseigja í námi	4,9	72	5,1	15.930	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,6	72	5,2	16.178	0,4*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,6	72	5,0	16.140	0,6*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,8	72	5,1	15.915	0,7*
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,7	72	5,0	16.103	0,7*





Nemendur eru yfir landsmeðaltali í þeim þáttum sem snúa að lestri, stærðfræði og náttúrugreinum og einnig trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum en aðeins undir landsmeðaltali hvað varðar þrautseigju.






Rauða línan sýnir vigtað landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans á kvarðanum. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum.

Nemendur hafa almennt góða trú á eigin vinnubrögð í námi og eru yfir landsmeðaltali en minnst í 8. bekk. Athygli vekur að nemendur okkar missa örlítið trúinna á eigin vinnubrögð innan skólaársins eins og landsmeðaltal nemenda. Nemendur skólans missa trú á eigin vinnubrögð um 2% innan skólaársins en landsmeðaltal nemenda missir trú um 3%.

Líðan og heilsa nemenda

Í október 2016 voru nemendur spurðir um líðan sína í skólanum, á mismunandi svæðum í skólanum og á leiðinni í og úr skóla.

Heildarniðurstöður




U.þ.b. 150 nemandi af u.þ.b. 180 nemendum skólans svaraði. Hér má sjá að meirihluta nemenda skólans líður alltaf eða oft vel í skólanum. Nemendum líður einna best í íþróttahúsinu og í skólaferðum. Fáum nemendum líður illa í skólanum, en stefnt er að því að öllum nemendum líði vel í skólanum.


Nemendur svöruðu eftirfarandi spurningum í nemendakönnun Skólapúlsins í apríl 2017.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,6	72	5,0	15.877	-0,4*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,8	72	4,9	15.886	-0,1
2.3. Vellíðan	5,9	72	4,9	16.105	1,0*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	12	-	-	-
2.5. Einelti	4,6	72	5,2	16.113	-0,6*
2.6. Tíðni eineltis	6,9%	5/72	11,6%	1839/16084	-4,7%
2.7. Staðir eineltis	-	4	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	36,6%	26/71	41,7%	6281/15618	-5,1%
2.9. Hollt mataræði	4,1	72	4,8	15.858	-0,7*


2.3. Vellíðan – Röðun*



2.3. Vellíðan – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild. Marktektarprófum var bætt við línurit ársmeðaltala frá og með árinu 2014.




Rauða línan sýnir vigtað landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans á kvarðanum. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum.

2.3. Vellíðan – Kyn*




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


2.6. Tíðni eineltis – Ársmeðaltöl



2.6. Tíðni eineltis – Röðun




2.6.1 Á síðustu 30 dögum, hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum?



Eineltisteymi starfar við skólann og vinnur að þeim málum sem upp koma eftir skýrum verkferlum og mikil áhersla er lögð á að hraða vinnu við úrvinnslu ef tilkynnt er um einelti. Allir starfsmenn skólans vinna saman að því að koma í veg fyrir einelti og eru mjög vakandi yfir því. Þrátt fyrir að mjög góður árangur hafi náðst, telja nokkrir nemendur sig hafa orðið fyrir einelti. Það er ekki ásættanlegt og að því verður hugað.


Foreldrar svöruðu í foreldrakönnun Skólapúlsins í febrúar 2017 spurningum sem varða einelti í skólanum. Foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans.

2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir þróun skólans á milli ára samanborið við niðurstöðu hvers starfsárs á landinu í heild. Rauða línan sýnir landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans.

2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans – Kyn




Þessi mynd sýnir afstöðu foreldra drengja og foreldra stúlkna í skólanum samanborið við afstöðu sömu hópa á landsvísu.

Foreldrar sem segja barn sitt hafa orðið fyrir einelti eru spurðir um það hvernig þeim fannst tekið á eineltinu af hálfu skólans. Foreldrar svara spurningunni að þeir séu óánægðir með úrvinnslu mála í eineltismálum. Þeir voru óánægðir með hraða á úrvinnslu og hvernig tekið var á því.

Í viðhorfskönnun sem foreldrar nemenda í 6. og 3. bekk svöruðu á samskiptadegi í janúar 2017 svöruðu foreldrar 14 nemenda af 18 í 3. bekk að þeir teldu að skólinn tæki af festu á einelti og agamálum. Foreldrar níu nemenda af 12 í 6. bekk svöruðu að þeir væru mjög

sammála eða frekar sammála því að skólinn tæki af festu á einelti og agamálum, einn svaraði hvorki né og tveir voru frekar eða mjög ósammála.




Skóla- og bekkjarandi


Nemendur svöruðu eftirfarandi spurningum í nemendakönnun skólapúlsins í febrúar 2017.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,9	72	5,1	15.832	-0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	5,8	72	5,1	16.074	0,7*
3.3. Agi í tímum	6,3	72	5,1	16.079	1,2*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	72	5,2	16.066	0,0
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,9	70	4,8	14.952	0,1

3.1. Samsömun við nemendahópinn – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild. Marktektarprófum var bætt við línurit ársmeðaltala frá og með árinu 2014.




Virk þátttaka nemenda í tímum er mæld með fjórum spurningum sem gefa til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið.

Agi í kennslustundum er einn af þeim þáttum sem endurspeglar þann vinnuanda sem ríkir í skólanum.




Foreldrar svöruðu í foreldrakönnun Skólapúlsins spurningu um það hvort þeir teldu að agi væri hæfilegur í skólanum og telja þeir hann vera það og er niðurstaðan nokkuð yfir landsmeðaltali núna en var nokkuð undir því í fyrri mælingu.


1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl



Í foreldrakönnun Skólapúlsins er einnig spurt um þann stuðning sem foreldra veita barninu sínu við nám. Þar kemur fram að foreldrar nemenda eru virkari í námi barna sinna eða 1,1 stigum fyrir ofan landsmeðaltal. Spurningarnar í þessum matsþætti eru: ég hjálpa barninu við heimanámið, ég ræði við barnið um hvernig það stendur sig í náminu, ég nálgast námsgögn fyrir barnið, ég ræði við barnið um hvernig tengja má það sem það lærir í skólanum við daglegt líf og ég ræði við kennara barnsins.




Sá tími sem foreldrar nemenda nota til að aðstoða þá við heimanám er marktækt meiri en landsmeðaltal eða um 17,9,% en foreldrar meta að heimavinna sé hæfileg í skólanum eða 0.7% undir landsmeðaltali.



Þessi mynd sýnir árgangamun í skólanum samanborið við landið.

Í viðhorfsskönnun sem foreldrar nemenda í 6. og 3. bekk svöruðu á samskiptadegi í janúar 2017 voru foreldrar 16 nemenda af 18 í 3. bekk mjög sammála eða frekar sammála því að þeir fylgdust vel með námi barns síns, tveir svöruðu hvorki né. Foreldrar 10 nemenda af 12 í 6. bekk svöruðu því að þeir væru mjög sammála eða frekar sammála því að þeir fylgdust vel með námi barns síns, tveir svöruðu hvorki né.




Starfsmenn líðan og heilsa.

Starfsmannasamtöl voru í febrúar og mars 2017 og fóru þau fram á rafrænu formi og síðan með samtali við skólastjóranda. Í starfsmannakönnuninni var m.a. spurt um líðan og kemur þar fram að starfsmönnum líður almennt mjög vel í vinnunni.



2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,3	27	5,2	1.630	0,1
2.2. Starfsandi innan skólans	5,2	27	5,2	1.619	0,0
2.3. Stjórnun skólans	5,5	27	4,9	1.607	0,6
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	4,8	27	4,9	1.629	-0,1
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	4,8	27	4,8	1.611	0,0

Hér má sjá að starfsánægja starfsmanna er aðeins yfir landsmeðaltali og starfsmenn eru ánægðir með stjórnun skólans. Starfsandi og starfsumhverfi er jafnhátt og landsmeðaltal en upplýsingastreymi innan skólans er 0. 1 undir því.



Myndin sýnir mun á kennurum og öðru starfsfólki í skólanum samanborið við niðurstöður annarra skóla sem tóku þátt í könnuninni sem og heildarmeðaltal allra svarenda.



Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- ❖ Nemendum líður almennt vel í skólanum og eru yfir meðaltali varðandi vellíðan í skóla.
- ❖ Nemendur hafa trú á eigin námsgetu og eru yfir landsmeðaltali í lestri, stærðfræði og náttúrugreinum. Þeir eru hins vegar undir landsmeðaltali þegar kemur að þrautseigju í námi.

- ❖ Einelti er lítið og foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans. Þeim finnst hins vegar ekki unnið nægilega hratt úr eineltismálum.
- ❖ Foreldrar telja að agi sé hæfilegur í skólanum og að tekið sé af festu á agamálum í skólanum.
- ❖ Starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í starfi og starfsandi er góður og á uppleið en starfsmenn eru ekki eins ánægðir með starfsumhverfi sitt og í síðustu mælingu.
- ❖ Niðurstöður starfsmannasamtala sem og starfsmannakönnunar Skólapúlsins sýna mjög svipaðar niðurstöður varðandi starfsánægju.
- ❖ Upplýsingastreymi innan skólans og starfsumhverfi eru þættir sem þarf að skoða þar sem þeir koma lakar út núna en í síðustu mælingu.


Kennsluaðferðir, námsefni og mat á námi.

Eru kennsluaðferðir, námsefni og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?

Í foreldrakönnun Skólapúlsins í febrúar 2017 er spurt um þann stuðning sem foreldrar veita barninu sínu við nám þess og hvernig þeir telji að skólinn standi sig í að mennta nemendur.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	66	5,1	4.545	0,0
1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	4,8	63	5,1	4.478	-0,3*


1.1.5 Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur



Í viðhorfsskönnun sem foreldrar nemenda í 6. og 3. bekk svöruðu á samskiptadegi í janúar 2017 voru foreldrar 17 nemenda af 18 í 3. bekk mjög sammála eða frekar sammála því að skólinn hvetji barn þeirra til þessa að skila góðum námsárangri, einn var mjög ósammála. Foreldrar 10 nemenda af 12 í 6. bekk svöruðu því að þeir væru mjög sammála eða frekar sammála því að skólinn hvetji barn þeirra til þess að skila góðum námsárangri, tveir svöruðu að þeir væru frekar eða mjög ósammála.



Foreldrar 17 nemenda af 18 í 3. bekk voru mjög eða frekar sammála því að kennarar leggi metnað í að kennslan sé góð, einn var mjög ósammála. Foreldrar 10 nemenda af 12 í 6. bekk voru mjög eða frekar sammála því að kennarar leggi metnað í að kennslan sé góð, tveir voru mjög eða frekar ósammála.



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins í mars 2017 svara kennarar eftirfarandi spurningum.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	5,3	17	4,8	983	0,5
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,1	17	4,6	983	0,5
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	75,0%	12 _{/16}	45,7%	412 _{/917}	29,3%*
3.7. Hópvænna í bekk	40,0%	6 _{/15}	28,6%	258 _{/901}	11,4%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	52,9%	9 _{/17}	30,6%	303 _{/958}	22,3%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	50,0%	8 _{/16}	49,6%	484 _{/957}	0,4%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	41,2%	7 _{/17}	18,0%	168 _{/955}	23,2%*
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	56,2%	9 _{/16}	75,1%	731 _{/974}	-18,8%


Samantekt á styrkleikum og veikleikum

- ❖ Meirihluti foreldra telur skólann standa sig vel í að mennta nemendur.
- ❖ Meirihluti foreldra telur að kennarar hvetji barn þeirra til þess að skila góðum námsárangri og þeir telja einnig að kennarar leggi metnað í að kennslan sé góð.
- ❖ Kennarar eru ánægðir með starf sitt og hafa trú á eigin kennslu.
- ❖ Kennarar leggja meiri áherslu en aðrir kennarar í skólum landsins á námsmat með prófum.


Viðmót og upplýsingamiðlun.

Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?


Í viðhorfskönnun sem foreldrar nemenda í 3. og 6. svöruðu á samskiptadegi í janúar 2017 svöruðu foreldrar 17 nemenda af 18 í 3. bekk því að þeim finnist þeir vera mjög eða frekar velkomnir í skólann, einn svaraði hvorki né. Í 6. bekk svöruðu foreldrar 10 nemenda af 12 því að þeim finnist þeir vera mjög eða frekar velkomnir í skólann en tveir voru mjög ósammála því að þeir væru velkomnir í skólann.




Foreldrar 16 nemenda af 18 í 3. bekk voru mjög eða frekar sammála því að upplýsingamiðlun frá skólanum væri góð en tveir svöruðu hvorki né. 11 foreldrar nemenda í 6. bekk af 12 voru mjög eða frekar sammála því að upplýsingaöflun frá skólanum væri góð, einn var mjög ósammála því að upplýsingamiðlun frá skólanum væri góð.




4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans – Árgangar



4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans – Ársmeðaltöl



Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,7	66	5,0	4.416	0,7*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	79,7%	51/64	56,7%	2443/4215	23,0%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	75,0%	45/60	60,4%	2428/3969	14,6%*
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	51	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	49	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,9%	63/65	94,0%	4149/4407	2,9%



Þrír samskiptadagar eru á skólaárinu og mæta foreldrar og nemendur vel í viðtölin og mikil ánægja er hjá foreldrum með viðtölin. Í foreldrakönnun Skólapúlsins svara 96,9 % foreldra því að þeir séu ánægðir með síðasta foreldraviðtal.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum: □

- ❖ Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólann
- ❖ Foreldrar eru ánægðir með upplýsingamiðlun og heimasíðu skólans.
- ❖ Foreldrum finnst þeir hafa mikil áhrif varðandi nemendur og þeim finnst að á þá sé hlustað.
- ❖ Mikil ánægja er hjá foreldrum með samskiptadagana.
- ❖ Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og í skólanum er virkt skólaráð.

6. Logos lesskimunarpróf

Logos skimunarprófið er lagt fyrir nemendur í 3. 6. og 8 bekk af kennsluráðgjöfum fræðsluskrifstofu Reykjanessbæjar en þeir skilgreina útkomuna á eftirfarandi hátt:

- Þeir nemendur sem eru undir 15 í hundraðsröð eru með mikinn lestrarvanda.
- Þeir nemendur sem eru á milli 15 og 30 í hundraðsröð eru með nokkurn lestrarvanda og með lestrarátaki geta þeir farið yfir 30.
- Nemendur með yfir 30 í hundraðsröð hafa náð góðri lestrarfærni.


- Hér verða niðurstöður 3. og 6. bekkja kynntar en niðurstöður úr 8. bekk verða kynntar þegar þær berast.

3. bekkur

Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
	16	1	13	30
	53,33%	3,33%	43,33%	100,00%
Lesskilningur	14	5	11	30
	46,67 %	16,67%	36,67%	100,00%

Leshraði Í 3. bekk eru 53,33% nemenda yfir viðmiði. 3,33% nemenda eru á milli 15 og 30 og eru þeir með leshraðavanda og 43,33% nemenda eru með töluverðan leshraðavanda.

Lesskilningur:Í 3. bekk eru í 46,67% nemenda yfir viðmiði. 16,67% eru með lesskilningsvanda og 36,67% nemenda eru með töluverðan lesskilningsvanda.




6. bekkur

Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
	6	5	1	9
	37,5%	6,3%	56,3%	100,00%
Lesskilningur	8	7	1	16
	50,%	43,8%	6,3%	100,00%

Leshraði: Í 6. bekk eru 37,5% nemenda yfir viðmiði og eru ekki með leshraðavanda. 6,3 % nemenda eru á milli 15 og 30 og eru þeir með leshraðavanda og 56,3,% nemenda eru með töluverðan leshraðavanda.

Lesskilningur: Í 6. bekk eru 50 % nemenda yfir viðmiðum. 43,8% nemenda eru með nokkurn lesskilningsvanda og 6,3 nemenda eru með töluverðan leshraðavanda.



7. Talnalykill stærðfræðiskimun.


Kennsluráðgjafar frá fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja Talnalykil, stærðfræðiskimun fyrir nemendur í 3. og 6. bekk að hausti til þess að kanna stærðfræðifærni þeirra. Í þessari skimun eru tveir prófbættir lagðir fyrir: reikningur og aðgerðir og algebra og jöfnur.

Talnalykill í 3. og 6. bekk

3. bekkur

- nemendur sem náð hafa yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% viðmiði


Stærðfræði	yfir 70%	undir 70%	samtals
Talnalykill	21	12	33
	63,6,00%	36,4%	100,00%



6. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% viðmiði

Stærðfræði	yfir 70%	undir 70%	samtals
Talnalykill	8	7	15
	53,33%	46,67%	100,00%



Samantekt á styrkleikum og veikleikum: □

- ❖ Niðurstöður úr Logos eru ekki ásættanlegar. Huga þarf að því að efla leshraða og lesskilning í 3. og 6. bekk.
- ❖ Niðurstöður úr Talnalykli í 3. og 6. bekk eru þær bestu hingað til.

8 Samræmd könnunarpróf

Nemendur í 4. og 7. bekk taka samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Prófin eru tekin í september og vinnur Menntamálastofnun úr niðurstöðum sem birtast skólum í Skólagátt. Mikil breyting var á fyrirkomulagi á samræmdum könnunarprófum þetta árið þar sem nemendur þreyttu prófin rafrænt. Menntamálastofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður fyrir hvern nemanda og yfirlit yfir stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á landinu. Árlega rýna kennarar og stjórnendur skólans í þessar niðurstöður, þær eru skoðaðar ýtarlega m.t.t. þess hvernig nemendur skólans koma út á milli ára. Normaldreifð einkunn er frá

0-60 þar sem 30 er landsmeðaltal. Viðmið skólans er að vera yfir 30 í normaldreifðri einkunn. Eftirfarandi niðurstöður voru á samræmdum prófum í 4. bekk árin 2012-2016:

4. bekkur

4.bekkur normaldreifð einkunn	2012	2013	2014	2015	2016
Íslenska	28,6	26,4	23,6	20,27	25,57
Stærðfræði	28,2	26,05	31	20,5	29,65

Haustið 2016 var normaldreifð einkunn nemenda í 4. bekk í íslensku 25,57 og landsmeðaltal er 30. Nemendur voru því 4,43 undir landsmeðaltali.

Normaldreifð einkunn nemenda í 4. bekk í stærðfræði haustið 2016 var 29,65 og miðað við landsmeðaltal voru nemendur aðeins 0,35 frá því.

7. bekkur

7.bekkur normaldreifð einkunn	2012	2013	2014	2015	2016
Íslenska	24,43	25,2	21	18,2	20,7
Stærðfræði	23,47	27,3	28,5	26,4	23,82

Haustið 2016 var normaldreifð einkunn nemenda í 7. bekk í íslensku 20,7 og landsmeðaltal er 30. Nemendur voru því 9,3 undir landsmeðaltali.

Normaldreifð einkunn nemenda í 7. bekk í stærðfræði haustið 2016 var 23,82 og miðað við landsmeðaltal sem er 30 voru nemendur 6,18 undir landsmeðaltali.

- ❖ Árangur á samræmdu könnunarprófi í 4. bekk í íslensku er ásættanlegur þar sem hann er betri en tvö ár á undan, hann er þó undir meðaltali. Í stærðfræði er árangurinn góður, normaldreifð einkunn er aðeins 0,35 frá landsmeðaltali.
- ❖ Árangur í 7. bekk er ekki ásættanlegur þar sem normaldreifð einkunn er 9,3 undir landsmeðaltali í íslensku og 6,18 undir meðaltali í stærðfræði.

9. Umbætur skólaárið 2017– 2018

- ❖ Skoða þarf ýtarlega nám og kennslu á mið- og unglingastigi, ráðinn verður fagstjóri í íslensku á mið- og unglingastigi í íslensku til að mynda samfellu í námi.
- ❖ Lestrarstefna skólans, unnið verður eftir lestrarstefnu skólans og hún kynnt starfsfólki skólans ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu skólans.
- ❖ Lestrarkannanir eru lagðar reglulega fyrir yfir skólaárið. Lögð verða fyrir skimunarpróf frá Menntamálastofnun sem eru lesfímipróf í öllum árgöngum skólans þrisvar á skólaárinu.
- ❖ Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem eru í sértækum úrræðum skólans eða fyrir þá nemendur sem víkja frá hefðbundnu námi í bekk.
- ❖ Samræmd könnunarpróf, kennarar fara ýtarlega yfir greiningarniðurstöður frá Menntamálastofnun um frammistöðu hvers nemanda í viðeigandi bekk og skoða hvar megi gera betur.
- ❖ Skimanir frá Fræðsluviði Reykjanesbæjar, unnið verður eftir niðurstöðum úr Logos og Talnalykli í skóla og heima í samráði við foreldra.
- ❖ Námsmatsteymi skólans, heldur áfram að innleiða nýja matskvarða á mið- og unglingastigi skólans ásamt öðru fjölbreyttu námsmati.
- ❖ Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (PBS), unnið er markvisst að fylgja stefnunni eftir með öflugu upplýsingaflæði til starfsfólks og nemenda skólans. Einnig er markvisst unnið að því að gera stefnuna sjálfbæra og sýnilega innan skólans.
- ❖ Grænfanaverkefnið, unnið áfram að næstu skrefum í innleiðingunni að verkefninu.
- ❖ Vellíðan nemenda og starfsfólks skólans, lögð er mikilvæg áhersla á góðan vinnu- og starfsanda fyrir nemendur og starfsfólk. Niðurstöður úr Skólapúlsum og starfsmannasamtölum eru hafðar til hliðsjónar í þeirri vinnu.
- ❖ Samskipti heimili og skóla, lögð verður sérstök áhersla á samvinnu og upplýsingaflæði milli heimila og skóla varðandi námsframvindu og líðan nemenda.